

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2008/EES/44/04

frá 22. mars 2005

þar sem mælt er fyrir um eyðublöð fyrir gagnagrunnskerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang (*)

(tilkynnt með númeri C(2005) 854)

(2005/270/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

- 5) Ráðstafanimar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 21. gr. tilskipunar 94/62/EB.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB frá 20. desember 1994 um umbúðir og umbúðaúrgang⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 12. gr.,

1. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Eyðublöðin, sem mælt er fyrir um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/138/EB⁽²⁾, fyrir framlagningu samhæfðra gagna innan ramma tilskipunar 94/62/EB skulu endurskoðuð og einfölduð í ljósi reynslunnar af notkun þeirra.
- 2) Þessi eyðublöð skulu endurspegla markmiðin sem mælt er fyrir um í tilskipun 94/62/EB, eins og henni var breytt með tilskipun 2004/12/EB.
- 3) Til að tryggja að gögn aðildarríkjanna séu samanburðarhæf skal setja nákvæmar reglur um þau gögn sem eiga að vera á eyðublöðunum og heimila aðildarríkjunum að leggja fram frekari gögn að eigin frumkvæði.
- 4) Í ljósi þess mikla fjölda breytinga, sem verður því að gera á ákvörðun 97/138/EB, skal önnur koma í hennar stað til glöggvunar.

Í þessari ákvörðun eru sett fram eyðublöð fyrir gagnagrunnskerfið um umbúðir og umbúðaúrgang sem kveðið er á um í 12. gr. tilskipunar 94/62/EB.

2. gr.

1. Auk viðeigandi skilgreininga, sem settar eru fram í 3. gr. tilskipunar 94/62/EB, er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „samsettar umbúðir“: umbúðir sem gerðar eru úr ólíkum efnum og ekki er hægt að skilja sundur í höndum; þyngd hvers einstaks efnis fer ekki yfir ákveðinn hundradshluta,
- b) „umbúðaúrgangur sem fellur til“: það magn umbúða sem verður að úrgangi í skilningi 1. gr. tilskipunar ráðsins 75/442/EBE⁽³⁾ innan yfirráðasvæðis tiltekins aðildarríkis eftir að þær hafa verið notaðar utan um vörur, til þess að verja vörur og við meðhöndlun, afgreiðslu og kynningu vara,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 86, 5.4.2005, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/2006 frá 27. janúar 2006 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 17, 30.3.2006, bls. 6.

(¹) Stjtið. EB L 365, 31.12.1994, bls. 10. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2004/12/EB (Stjtið. ESB L 47, 18.2.2004, bls. 26).

(²) Stjtið. EB L 52, 22.2.1997, bls. 22.

(³) Stjtið. EB L 194, 25.7.1975, bls. 39.

c) „endurnýttur umbúðaúrgangur“: það magn umbúðaúrgangs sem fellur til í aðildarríki og er endurnýtt, án tillits til þess hvort umbúðaúrgangurinn er endurnýttur innan aðildarríkisins, í öðru aðildarríki eða utan Bandalagsins,

Beita má mati, einkum fyrir efni sem koma fyrir í litlu magni og þau sem ekki eru nefnd í þessari ákvörðun. Mat þetta skal byggjast á bestu, fyrirliggjandi upplýsingum og því skal lýst í samræmi við 7. gr.

d) „umbúðaúrgangur sem er endurnýttur eða brenndur í sorpbrennslustöðvum sem vinna orku“: það magn umbúðaúrgangs sem fellur til í aðildarríki og er endurnýtt eða brennt í sorpbrennslustöðvum sem vinna orku, án tillits til þess hvort umbúðaúrgangurinn er endurnýttur eða brenndur í sorpbrennslustöðvum sem vinna orku innan aðildarríkisins, í öðru aðildarríki eða utan Bandalagsins,

2. Líta skal svo á að endurnotanlegar umbúðir séu settar á markað þegar þær verða tiltækar í fyrsta sinn með vörnum sem þær eru ætlaðar fyrir og þeim er ætlað að verja og gera kleift að meðhöndla, afgreiða eða kynna.

Endurnotanlegar umbúðir teljast ekki til umbúðaúrgangs þegar þær eru endursendar til endurnotkunar.

e) „endurunninn umbúðaúrgangur“: það magn umbúðaúrgangs sem fellur til í aðildarríki og er endurrunnið, án tillits til þess hvort umbúðaúrgangurinn er endurunninn innan aðildarríkisins, í öðru aðildarríki eða utan Bandalagsins,

Endurnotanlegar umbúðir teljast ekki hafa verið settar á markað sem umbúðir þegar þær hafa verið endurnotaðar með vöru og verða tiltækar á ný. Endurnotanlegar umbúðir teljast vera umbúðaúrgangur þegar þeim er fleygt við lok endingartíma síns.

f) „hlutfall endurnýtingar eða brennslu í sorpbrennslustöðvum sem vinna orku“: það heildarmagn umbúðaúrgangs sem, í skilningi 1. mgr. 6. gr tilskipunar 94/62/EB, er endurnýtt eða brennt í sorpbrennslustöðvum sem vinna orku, deilt með heildarmagni umbúðaúrgangs sem fellur til,

Í þessari ákvörðun má líta svo á að umbúðaúrgangur, sem fellur til í tilteknu aðildarríki, úr endurnotanlegum umbúðum sé jafn því magni endurnotanlegra umbúða sem sett er á markað á sama ári innan þess aðildarríkis.

3. Samsettar umbúðir eru skráðar undir því efni sem vegur þyngst.

g) „endurvinnsluhlutfall“: heildarmagn endurunnins umbúðaúrgangs, í skilningi 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 94/62/EB, deilt með heildarmagni umbúðaúrgangs sem fellur til.

Að auki má leggja sérstaklega fram gögn um endurnýtingu og endurvinnslu samsettra efna að eigin frumkvæði.

2. Umbúðaúrgangur, sem fellur til og um getur í b-lið 1. mgr., tekur ekki til neins konar leifa frá framleiðslu umbúða eða umbúðaefnis eða frá neinu öðru framleiðsluferli.

4. Þyngd endurnýttts eða endurunnins umbúðaúrgangs telst vera hin sama og sá umbúðaúrgangur sem fer í skilvirka endurnýtingu og endurvinnslu. Ef sú framleiðsla sem fer út frá flokkunarstöð er send í skilvirka endurvinnslu og endurnýtingu án umtalsverðs taps má líta á þessa framleiðslu sem þyngd endurnýttts eða endurunnins umbúðaúrgangs.

4. gr.

Í þessari ákvörðun telst umbúðaúrgangur, sem fellur til í aðildarríki, vera jafn því magni umbúða sem sett var á markað á sama ári innan þess aðildarríkis.

1. Umbúðaúrgangur, sem fluttur er út frá Bandalaginu, telst því aðeins vera endurnýttur eða endurunninn að áreiðanlegar sannanir séu fyrir því að endurnýtingin og/eða endurvinnslan hafi farið fram við skilyrði sem í meginatriðum jafngilda þeim sem mælt er fyrir um í löggjöf Bandalagsins á þessu sviði.

3. gr.

1. Gögn fyrir heildarumbúðir ná til allra umbúða eins og þær eru skilgreindar í 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 94/62/EB.

2. Flutningar umbúðaúrgangs milli landa skulu vera í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 259/93⁽¹⁾, reglugerð ráðsins (EB) nr. 1420/1999⁽²⁾ og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1547/1999⁽³⁾.

(¹) Stjtið. EB L 30, 6.2.1993, bls. 1.

(²) Stjtið. EB L 166, 1.7.1999, bls. 6.

(³) Stjtið. EB L 185, 17.7.1999, bls. 1.

3. Umbúðaúrgangur, sem fellur til í öðru aðildarríki eða utan Bandalagsins og er sendur til aðildarríkis til endurnýtingar eða endurvinnslu, telst ekki vera endurnýttur eða endurunninn í aðildarríkinu þangað sem þessi umbúðaúrgangur var sendur.

5. gr.

1. Þyngd endurnýttts eða endurunnins umbúðaúrgangs er fundin út frá náttúrulegu rakainnihaldi umbúðaúrgangsins sem svarar til rakans í samsvarandi umbúðum sem settar eru á markað.

Leiðréttingar eru gerðar á mældum gögnum, er varða þyngd endurnýttts eða endurunnins umbúðaúrgangs, ef rakainnihald þess umbúðaúrgangs er alla jafna umtalsvert frábrugðið rakainnihaldi umbúða sem settar eru á markað og ef hætta er á að þessi þáttur leiði til verulegs of- eða vanmats á hlutfalli endurnýtingar eða endurvinnslu umbúða.

Leiðréttingar þessar takmarkast við undantekningartilvik vegna sérstakra, veðurfræðilegra skilyrða eða annarra skilyrða. Greina skal frá umtalsverðum leiðréttingum í lýsingunum sem tengjast samantekt gagnanna sem kveðið er á um í fjórðu málsgrein 7. gr.

2. Annað efni en umbúðaefni, sem safnað er saman með umbúðaúrgangi, telst, eftir því sem við verður komið, ekki með í þyngd endurnýttts eða endurunnins umbúðaúrgangs.

Gögnin um þyngd endurnýttts eða endurunnins umbúðaúrgangs skulu leiðrétt ef hætta er á að efni, sem ekki er notað í umbúðir og er í úrganginum sem sendur er í skilvirka endurnýtingu og endurvinnslu, leiði til verulegs of- eða vanmats á hlutfalli endurnýtingar eða endurvinnslu umbúða.

Engar leiðréttingar skulu gerðar ef um er að ræða lítið magn efnis, sem ekki er notað í umbúðir, eða óhreinindi sem alla jafna er að finna í umbúðaúrgangi.

Greina skal frá umtalsverðum leiðréttingum í lýsingunum sem tengjast samantekt gagnanna sem kveðið er á um í fjórðu málsgrein 7. gr.

6. gr.

Í 3., 4., og 5. gr. gilda ákvæðin um endurnýtingu, að breyttu breytanda, um umbúðaúrgang sem brenndur er í sorpbrennslustöðvum sem vinna orku.

7. gr.

Aðildarríkin skulu árlega fylla út töflurnar í viðaukanum og senda þær rafrænt til framkvæmdastjórnarinnar.

Töflurnar skulu ná yfir allt almanaksárið og þær skulu sendar framkvæmdastjórninni eigi síðar en 18 mánuðum eftir lok viðkomandi árs, með fyrirvara um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2150/2002 ⁽¹⁾.

Framkvæmdastjórnin skal veita aðgang að þessum gögnum á vefsetri sem er aðgengilegt almenningi.

Með útfylltu töflunum skulu aðildarríkin senda viðeigandi lýsingu á því hvernig gögnin voru tekin saman. Í þeirri lýsingu skal einnig vera útskýring á mati sem stuðst er við.

8. gr.

Aðildarríkin mega leggja fram, að eigin frumkvæði, frekari gögn um umbúðir og umbúðaúrgang, liggi þau fyrir. Slík gögn geta m.a. verið eftirfarandi:

- a) gögn um framleiðslu, útflutning og innflutning á tónum umbúðum,
- b) gögn um endurnotanlegar umbúðir,
- c) sérstakir undirþættir umbúða, s.s. samsettar umbúðir,
- d) styrkleiki þungmálma í umbúðum í skilningi 11. gr. tilskipunar 94/62/EB og tilvist skaðlegra og annarra hættulegra efna í skilningi þriðja undirliðar í 1. lið II. viðauka við þá tilskipun,
- e) umbúðaúrgangur sem talinn er vera hættulegur vegna mengunar frá vörunni í umbúðunum, í skilningi tilskipunar ráðsins 91/689/EBE ⁽²⁾ og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB ⁽³⁾.

9. gr.

Aðildarríkin skulu nota eyðublöðin í viðaukanum til að leggja fram gögnin og skal byrjað á gögnunum fyrir árið 2003.

10. gr.

Ákvörðun 97/138/EB er felld úr gildi.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 332, 9.12.2002, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 377, 31.12.1991, bls. 20.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 226, 6.9.2000, bls. 3.

11. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. mars 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros DIMAS

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

TAFLA 1

Magn umbúðaúrgangs sem fellur til í aðildarríkjunum og er endurnýtt eða brennt í sorpbrennslustöðvum, sem vinna orku, innan eða utan aðildarríkisins

(tonn)

Efni	Umbúðaúrgangur sem fellur til	Endurnýtt eða brennt í sorpbrennslustöðvum, sem vinna orku, með						
		Endurvinnslu efnis	Annars konar endurvinnslu	Heildar endurvinnslu	Orkuvinnslu	Annars konar endurnýtingu	Brennslu í sorpbrennslustöðvum sem vinna orkuvinnslu	Heildar endurnýtingu og brennslu í sorpbrennslustöðvum sem vinna orku
	(a)	(b)	(c)	(d)	(e)	(f)	(g)	(h)
Gler								
Plast								
Pappír og pappi								
Málmar	Ál							
	Stál							
	Samtals							
Timbur								
Annað								
	Samtals							

Athugasemdir:

- Hvítir reitir: Framlagning gagna er lögboðin. Heimilt er að styðjast við mat þótt það verði að grundvallast á gögnum sem byggð eru á athugunum og eru útskýrd í lýsingunni á aðferðinni.
- Ljósskyggðir reitir: Framlagning gagna er lögboðin en gróft mat er viðunandi. Mat þetta ber að útskýra í lýsingunni á aðferðinni.
- Dökkskyggðir reitir: Framlagning gagna er að eigin frumkvæði.
- Að því er varðar þessa ákvörðun skulu gögn um endurvinnslu plastefnis ná til alls efnis sem er endurunnið aftur í plast.
- Í dálki c eru allar gerðir endurvinnslu, þ.m.t. lífræn endurvinnsla en að frátalinni endurvinnslu efnis.
- Í dálki d verður að vera summa dálka b og c.
- Í dálki f eru allar tegundir endurnýtingar, að frátalinni endurvinnslu og vinnslu orku.
- Í dálki h verður að vera summa dálka d, e, f og g.
- Hlutfall endurnýtingar eða brennslu í sorpbrennslustöðvum sem vinna orku í skilningi 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 94/62/EB: Dálkur h/dálkur a.
- Endurvinnsluhlutfall í skilningi 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 94/62/EB: Dálkur d/dálkur a.
- Gögnin fyrir timbur skulu ekki notuð til að leggja mat á það hvort markmiðinu um að hvert umbúðaefni sé að lágmarki 15% af þyngd umbúðanna, eins og kveðið er á um í c-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 94/62/EB, eins og henni var breytt með tilskipun 2004/12/EB, hafi verið náð.

TAFLA 2

Magn umbúðaúrgangs sem sent er til annarra aðildarríkja eða flutt út frá Bandalaginu til endurnýtingar eða brennslu í sorpbrennslustöðvum sem vinna orku

(tonn)

Efni	Umbúðaúrgangur sem sendur er til annarra aðildarríkja eða fluttur út frá Bandalaginu til				
	Endurvinnslu efnis	Annars konar endurvinnslu	Orkuvinnslu	Annars konar endurnýtingar	Brennslu í sorpbrennslustöðvum sem vinna orku
Gler					
Plast					
Pappír og pappi					
Málmar	Ál				
	Stál				
	Samtals				
Timbur					
Annað					
Samtals					

Athugasemdir

- Gögnin í þessari töflu eiga aðeins við um það magn sem á að telja með samkvæmt skuldbindingum tilskipunar 94/62/EB. Þau eru hlutmengi gagnanna sem þegar hafa komið fram í töflu 1. Þessi tafla er aðeins til upplýsingar.
- Ljósskyggðir reitir: Framlagning gagna er lögboðin en gróft mat er viðunandi. Mat þetta ber að útskýra í lýsingunni á aðferðinni.
- Dökkskyggðir reitir: Framlagning gagna er að eigin frumkvæði.
- Að því er varðar þessa ákvörðun skulu gögn um endurvinnslu plastefnis ná til alls efnis sem er endurunnið í plast.

TAFLA 3

Magn umbúðaúrgangs sem fellur til í öðrum aðildarríkjum eða er fluttur inn frá löndum utan Bandalagsins og sent til aðildarríkisins til endurnýtingar eða brennslu í sorpbrennslustöðvum sem vinna orku

(tonn)

Efni	Umbúðaúrgangur sem fellur til í öðrum aðildarríkjum eða er fluttur inn frá löndum utan Bandalagsins og sendur til aðildarríkisins til:				
	Endurvinnslu efnis	Annars konar endurvinnslu	Orkuvinnslu	Annars konar endurnýtingar	Brennslu í sorpbrennslustöðvum sem vinna orku
Gler					
Plast					
Pappír og pappi					
Málmar	Ál				
	Stál				
	Samtals				
Timbur					
Annað					
Samtals					

Athugasemdir:

- Gögnin í þessari töflu eru aðeins til upplýsingar. Þau er hvorki að finna í töflu 1 né á að taka þau með þegar metið er hvort viðkomandi aðildarríki nái að uppfylla markmið sín.
- Dökkskyggðir reitir: Framlagning gagna er að eigin frumkvæði.
- Að því er varðar þessa ákvörðun skulu gögn um endurvinnslu plastefnis ná til alls efnis sem er endurunnið í plast.